

Föstudaginn 24. júní 1994.

Nr. 290/1994.

Ákærvaldið

gegn

Ólafi Gunnarssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. og 106. gr. 1. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1994, sem barst Hæstarétti ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar, en kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst ákærði þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og gæsluvarðhald sitt fellt úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní 1994.

Ár 1994, mánudaginn 20. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Ólafi Gunnarssyni, kt. 200455-3049, til lögheimilis að Suðurhólum 24, en með dvalarstað að Flétturima 11, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá deginum í dag þar til hann hefur tekið ákvörðun um hvort hann muni áfrýja dómi, sem kveðinn var upp yfir honum fyrr í dag í málinu nr. S-189/1994, þó eigi lengur en til mánudagsins 18. júlí nk. kl. 14.00.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum í dag, var framangreindum Ólafi Gunnarssyni gert að sæta fangelsi í 4 ár og 6 mánuði, en til

frádráttar refsivistinni skyldi koma gæsluvarðhald hans frá 2. september sl. Var dómfelldi sakfelldur fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974. Einnig var dómfelldi sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra í máli dómfellda var gefin út hinn 15. mars 1994, en einnig var dómurinn byggður á ákæru, út gefinni 10. apríl s. á. Hefur dómfelldi, sem fyrr segir, sætt gæsluvarðhaldi frá 2. september sl. Bókað var í þingbók að einungis verjendur ákærðu og fulltrúi ákæruvaldsins hefðu verið viðstaddir dómsuppkvaðningu.

Af ákæruvaldsins hálfu er krafan um áframhaldandi gæsluvarðhald byggð á 2. mgr. 103. gr. og 106. gr., sbr. 1. mgr. 153. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt 106. gr. tilvitnaðra laga lýkur gæsluvarðhaldi þegar dómur hefur verið kveðinn upp í máli, en eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á fresti samkvæmt 1. mgr. 153. gr. sömu laga stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi ef því er að skipta. Þegar þess er gætt að dómfellda var með dóminum gert að sæta fangelsi í 4 ár og 6 mánuði verður ekki fram hjá því litið að um er að ræða sakfellingu fyrir stórfelld brot. Þykir því með vísan til framanritaðs rétt að taka kröfu ákæruvalds til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómfelldi, Ólafur Gunnarsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess er rann út í dag við uppkvaðningu dóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, þar til hann hefur tekið ákvörðun um hvort hann muni áfrýja dóminum, en þó eigi lengur en til mánu dagsins 18. júlí nk. kl. 14.00.